

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 26. nóvember 2020 í máli nr. 43/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 1. júní 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá A, fyrir sína hönd og fyrir hönd B, C, D, E, F og G, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um ferðatengda þjónustu sem keypt var af fyrirtækinu X, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem var greidd til varnaraðila ásamt dráttarvöxtum. Varnaraðili hefur hafnað kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 22. júní 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni 10. júlí 2020. Athugasemdir sóknaraðila vegna andsvara varnaraðila bárust kærunefndinni 15. júlí 2020. Þann 18. júlí 2020 bárust nefndinni athugasemdir frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, afrit af greiðslu staðfestingargjalds fyrir ferðina, bókunarupplýsingar, afrit af skilmálum varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila svo og umboð vegna reksturs málsins fyrir kærunefndinni.

Með bréfi, dags. 8. september 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili hafði samkvæmt gögnum málsins samband við varnaraðila í nóvember árið 2019 vegna fyrirhugaðra kaupa á ferðatengdri þjónustu. Í þjónustunni fólst skipulag og umsjón varnaraðila með ferðalagi sem sóknaraðili hugðist fara í ásamt sex samferðamönnum um Balí í Indónesíu. Ferðin átti að hefjast þann 25. maí með flugi frá Keflavík til Kaupmannahafnar, síðar flugi frá Kaupmannahöfn til Doha og að lokum flugi frá Doha til áfangastaðarins Balí. Innifalið í ferðinni var einnig gisting á áfangastaðnum Balí, akstur milli staða, bátsferð og hjólaferð. Ferðinni átti að ljúka þann 5. júní með flugum frá Balí til Doha, frá Doha til Kaupmannahafnar og svo frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur.

Sóknaraðili greiddi staðfestingargjald til varnaraðila þann 21. nóvember 2019 fyrir hönd hópsins að fjárhæð 455.000 krónur eða sem nemur 65.000 krónum á hvern einstakling. Heildargreiðsla hvers og eins fyrir ferðina var ákveðin að fjárhæð 278.000 krónur. Eftirstöðvar heildargreiðslunnar, 213.000 krónur, átti samkvæmt samningi aðila að greiða í síðasta lagi 25. mars 2020. Varnaraðili veitti sóknaraðila síðar greiðslufrest vegna þess ástands sem skapast hafði vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Annarsvegar var greiðslufrestur veittur til 6. apríl 2020 vegna ferðarinnar innan Balí að

fjárhæð 970.000 krónur. Hinsvegar var veittur greiðslufrestur til 25. apríl 2020 til að greiða fyrir flugferðirnar, alls að fjárhæð 521.000 krónur.

Sóknaraðili afpantaði ferðina þann 3. apríl 2020 með vísan til þess að litlar líkur væru á að ferðin yrði farin vegna ferðatakmarkana og annarra aðstæðna vegna útbreiðslu COVID-19. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði staðfestingargjaldið að fjárhæð 455.000 krónur með vísan til 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### *3.1. Sjónarmið sóknaraðila*

Sóknaraðili bendir á að ferðin hafi verið afþöntuð þann 3. apríl 2020 þegar sá greiðslufrestur sem varnaraðili hafði veitt vegna ástandsins var að renna út. Sóknaraðili taldi fyrirsjáanlegt á þeim tíma að aðstæður vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins myndu hafa veruleg áhrif á framkvæmd ferðarinnar. Kvaðst hvorki sóknaraðili né samferðamenn sóknaraðila tilbúin til að greiða háar fjárhæðir til varnaraðila þegar mikil óvissa var um framkvæmd ferðarinnar, einnig um það hvenær endurgreiðsla myndi berast og jafnvel hvort varnaraðili myndi endurgreiða ferðina yfir höfuð. Bendir sóknaraðili á að allir einstaklingarnir sem ætluðu í umrædda ferð séu háskólanemar sem hefðu ekki efni á að greiða svo háar fjárhæðir við slíkar aðstæður.

Sóknaraðili bendir á að nú liggi fyrir að varnaraðila hefði verið alls ófært að framkvæma ferðina vegna takmarkana sem rekja megi til útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Vegna aðstæðna hefði ekki verið unnt að fara í ferðina. Sú niðurstaða hafi verið fyrirsjáanleg í byrjun apríl en varnaraðili hafi hins vegar ekki veitt sóknaraðila og samferðamönnum sóknaraðila nokkurn annan möguleika til að tryggja rétt sinn, annan en að greiða ferðina að fullu í mikilli óvissu. Telur sóknaraðili óeðlilegt að krefjast greiðslu hárra fjárhæða til þess eins að viðsemjendur geti átt rétt á endurgreiðslu.

### *3.2. Sjónarmið varnaraðila*

Varnaraðili bendir á að málsaðilar hafi átt í skriflegum samskiptum vegna ferðarinnar og mögulegra áhrifa sem útbreiðsla COVID-19 gæti haft á ferðina. Þar hafi sóknaraðila verið greint frá valmöguleikum sínum og veittar leiðbeiningar um framhaldið.

Annars vegar hefði sóknaraðili átt þess kost að ákveða að greiða ekki að fullu fyrir ferðina og um afþöntun færi þá eftir 1. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þar segir að ferðamaður geti afpantað pakkaferð áður en ferðin hefist gegn greiðslu sanngjarnrar þóknunar. Í samningi um pakkaferð er skv. 2. mgr. ákvæðisins heimilt að tilgreina sanngjarna þóknun fyrir afþöntun ferðar. Um slíka þóknun gildi skilmálar varnaraðila þar sem segir að til að staðfesta ferð þurfi að „greiða innborgun á ferð sem er ekki endurgreidd ef ferð er afbókuð“.

Hins vegar hafi sóknaraðili átt kost á að greiða fyrir ferðina að fullu í samræmi við samning aðila. Ef ferðin yrði ekki farin vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins kæmi til fullrar endurgreiðslu, á grundvelli aflýsingar samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 95/2018 eða afþöntunar sóknaraðila samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laganna.

Varnaraðili telur að skilyrði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 séu ekki uppfyllt í málinu. Þar segir aðskipuleggjandi eða smásali eigi ekki rétt á greiðslu þóknunar úr hendi ferðamanns ef afþöntun er vegna óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna sem hafa veruleg áhrif á framkvæmd pakkaferðar eða flutning farþega til ákvörðunarstaðar. Varnaraðili bendir á að ákvæðið tilgreini ekki með hve löngum fyrirvara sé unnt að afpanta ferð vegna óvæntra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Kveðst varnaraðili hafa miðað við það að ef aðstæður eru þannig á áfangastað, tveimur vikum fyrir brottför, að óráðlegt væri að fara í ferð, sé unnt að afpanta ferðina á grundvelli ákvæðisins. Sóknaraðili hafi

hins vegar afpantað ferðina þann 3. apríl 2020, tæplega tveimur mánuðum áður en ferðin átti að hefjast þegar ekkert hafi bent til þess að ferðin yrði ekki farin, ekki frekar en gildir um ferðalög almennt. Þá bendir varnaraðili á að honum beri skylda til að greiða staðfestingargjöld til sinna birgja og viðsemjenda sem fáist ekki endurgreidd nema fyrir liggi að ferðin verði ekki farin.

Varnaraðili telur að sú ákvörðun sóknaraðila, að greiða ekki fyrir ferðina og afpanta hana með svo löngum fyrirvara, leiði til þess í skilningi 1. mgr. 15. gr. að varnaraðila beri ekki að endurgreiða sóknaraðila staðfestingargjaldið, enda sé um þóknun varnaraðila að ræða.

### *3.3. Athugasemdir sóknaraðila*

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila tekur sóknaraðili fram að í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 sé ekki mælt fyrir um að greiðsla þurfi að hafa borist að fullu svo að ákvæðið eigi við. Þá gefi ekkert í orðalagi ákvæðisins til kynna að ferðamaður missi rétt til endurgreiðslu ef afpöntun er framkvæmd á tilteknum tíma fyrir fyrirhugaða ferð. Heimilt sé að afpanta ferð á grundvelli ákvæðisins, svo lengi sem skilyrði um óvenjulegar eða óviðráðanlegar aðstæður sé fyrir hendi sem hafi áhrif á framkvæmd ferðarinnar eða flutning farþega. Sóknaraðili segir að augljóst og fyrirsjáanlegt hafi verið þann 3. apríl 2020 að fordæmalausar, óvenjulegar og viðráðanlegar aðstæður myndu hafa veruleg áhrif á framkvæmd ferðarinnar sem hefjast átti þann 25. maí 2020. Ákvörðun um afpöntun hafi verið tekin á þeim grundvelli.

Sóknaraðili bendir á að ef ferð er afpöntuð með löngum fyrirvara taki ferðamaður þá áhættu að réttur hans geti glatast ef skilyrðin eru ekki uppfyllt þegar ferðin átti að hefjast. Það eigi þó ekki við í tilviki sóknaraðila og samferðamanna enda hafi varnaraðila verið ófært að framkvæma ferðina. Ferðin átti að hefjast með flugi til Kaupmannahafnar þann 25. maí 2020. Þaðan átti að fljúga til Doha í Quatar og síðar til eyjunnar Balí í Indónesíu. Verulegar ferðatakmarkanir voru í gildi vegna aðstæðna. Ferðamönnum var ekki heimilt að ferðast til Danmörku frá 14. mars 2020, til Quatar frá 15. mars 2020 og til Indónesíu þann 1. apríl 2020. Yfirvöld á Balí lýstu yfir neyðarástandi þann 2. apríl 2020. Allar þessar ákvarðanir voru ótímabundnar, settar fram af yfirvöldum í hverju landi og óvíst hvenær þeim yrði breytt. Engar breytingar höfðu verið gerðar þegar ferðin átti að hefjast þann 25. maí 2020.

Sóknaraðili telur að sú afstaða varnaraðila, að ferðamenn eigi ekki rétt til fullrar endurgreiðslu ferðar sem ekki reyndist unnt að fara, af þeirri ástæðu einni að viðkomandi ferðamenn hafi séð þá stöðu fyrir sér áður en varnaraðili var reiðubúinn að viðurkenna hana, sé með öllu óréttlæt看leg.

### *3.4. Athugasemdir varnaraðila*

Í athugasemdum sínum bendir varnaraðili á að ákvæði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 sé matskennt ákvæði. Þannig þurfi að meta hvort aðstæður eru óvenjulegar og óviðráðanlegar og hvort aðstæðurnar hafi veruleg áhrif á framkvæmd pakkaferðar eða flutning farþega.

Varnaraðili bendir á að útilokað sé að segja til um það hver staðan verði á ferðatakmarkunum með margra mánaða eða vikna fyrirvara þó auðvelt sé að vita stöðuna eftir á. Það leiði af orðalagi ákvæðisins að matið þurfi að fara fram með hæfilegum fyrirvara áður en ferð er farin og ekki sé unnt að taka mið af ferðatakmarkunum sem breytist frá degi til dags. Varnaraðili bendir á að takmarkanir á Íslandi séu til dæmis almennt gerðar til tveggja vikna í senn, tilkynntar með litlum fyrirvara og geti tekið ýmsum breytingum þar á milli. Hið sama eigi almennt við í öðrum löndum. Þrátt fyrir að

landamæri lokist ótímabundið geti þau opnast aftur með skömmum fyrirvara. Við beitingu ákvæðisins þurfi því að fara fram mat á aðstæðum og samkvæmt samræmdri túlkun hefur verið litið svo á að það mat skuli fara fram 14 dögum fyrir fyrirhugaða brottför. Án þess að líta til ákveðinna tímamarka bendir varnaraðili á að ákvæðið sé opið fyrir hvers kyns túlkunum þar sem hægt væri að meta aðstæður í skilningi ákvæðisins jafnvel mörgum mánuðum fyrir brottför.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og samferðamenn sóknaraðila gerðu samning við varnaraðila um umsjón varnaraðila með framkvæmd ferðar til Balí í Indónesíu frá 25. maí 2020 til 6. júní 2020. Sóknaraðili greiddi staðfestingargjald fyrir sína hönd og samferðamanna sinna, alls að fjárhæð 455.000 krónur eða 65.000 krónur fyrir hvern ferðamann, þann 21. nóvember 2019.

Lög nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun gilda um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun sem seljendur bjóða til sölu, selja eða hafa milligöngu um sölu á til ferðamanna samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna. Með lögunum voru ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302, frá 25. nóvember 2015, innleidd í íslenskan rétt. Sóknaraðili og samferðamenn sóknaraðila óskuðu eftir og greiddu fyrir ferðatengda þjónustu varnaraðila sem fólst í flutningi farþega með sex flugferðum, gistingu og annarri ferðatengdri þjónustu í skilningi a. b. og d. liðar 1. tl. 4. gr. laga nr. 95/2018. Sú þjónusta sem sóknaraðili og varnaraðili sömdu um telst því pakkaferð í skilningi 2. tl. 4. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 getur ferðamaður afpantað pakkaferð áður en ferðin hefst gegn greiðslu sanngjarnrar þóknunar. Í samningi um pakkaferð er heimilt að tilgreina sanngjarna þóknun fyrir afpöntun ferðar sem tekur mið af því hversu löngu fyrir upphaf ferðarinnar afpantað er og áætluðum tekjumissi skipuleggjanda eða smásala. Ef ekki er samið um staðlaða þóknun í samningi skal þóknunin samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins svara til tekjumissis skipuleggjanda eða smásala. Í 3. mgr. 15. gr. er undantekning frá meginreglunni í 1. mgr. en þar segir að skipuleggjandi eða smásali á ekki rétt á greiðslu þóknunar ef afpöntun er vegna óvenjulegra eða óviðráðanlegra aðstæðna sem hafa veruleg áhrif á framkvæmd pakkaferðar eða flutning farþega til ákvörðunarstaðar [...]. Ferðamaður á ekki rétt til frekari skaðabóta þegar 3. mgr. á við, samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins. Skipuleggjanda eða smásala ber að endurgreiða ferðamanni greiðslur innan 14 daga frá afpöntun.

Af gögnum málsins verður ráðið að ágreiningur aðila varði einna helst hvort þær aðstæður sem voru uppi við afpöntun ferðarinnar falli undir skilgreininguna á óvenjulegum eða óviðráðanlegum aðstæðum sem hafi áhrif á framkvæmd ferðar eða flutning farþega í skilningi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018. Samkvæmt 11. tl. 4. gr. laga nr. 95/2018 eru óvenjulegar og óviðráðanlegar aðstæður þær aðstæður sem eru ekki á valdi þess aðila sem ber þær fyrir sig og ekki hefði verið hægt að komast hjá þeim jafnvel þótt gripið hefði verið til réttmætra ráðstafana. Í athugasemdum við 3. mgr. 15. gr. segir í frumvarpi til laganna að óvenjulegar og óviðráðanlegar aðstæður geti verið stríðsástand, útbreiðsla farsóttar eða sjúkdóma, hryðjuverk, pólitískur óstöðugleiki eða aðrar aðstæður sem hafa afgerandi áhrif á ferðalög til viðkomandi staða. Kærunefndin hefur í fyrri úrskurðum sínum litið svo á að útbreiðsla COVID-19 sjúkdómsins geti talist óviðráðanlegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður í skilningi ákvæðisins.

Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 er ekki mælt fyrir um ákveðið tímamark sem miða ber við þegar metið er hvort heimilt sé að afpanta ferð án þóknunar á grundvelli ákvæðisins. Þá hafa ekki verið gefnar út samræmdar reglur í því sambandi. Þann 19. mars 2020 gaf framkvæmdastjórnin hins vegar út leiðbeiningar um framkvæmd reglna um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Þar er sérstaklega tekið fram að við mat á því hvort óviðráðanlegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður séu fyrir hendi þurfi að líta til aðstæðna hvers máls fyrir sig. Matið þurfi því að fara fram á „case-by-case basis“. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber ábyrgð á framkvæmd samræmdrar löggjafar á innri markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar með talið á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Upplýsingar og leiðbeiningar frá framkvæmdastjórninni geta þar af leiðandi haft þýðingu og leiðbeinandi áhrif við úrlausn álitaeftna er varða ákvæði laga nr. 95/2018 hér á landi.

Til þess að óvenjulegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður teljist vera fyrir hendi í skilningi ákvæðisins verður að gera kröfu um að fyrir liggja annarsvegar við afpöntun að viðkomandi aðstæður verði fyrir hendi þegar ferðin verður farin og hins vegar að þær muni, á þeim tíma sem ferðin er farin, hafa veruleg áhrif á framkvæmd ferðarinnar eða flutning farþega til ákvörðunarstaðar.

Sóknaraðili afpantaði ferðina fyrir hönd hópsins þann 3. apríl 2020 þegar einn mánuður og 22 dagar voru þar til ferðin átti að hefjast. Við mat á því hvort skilyrði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 hafi verið uppfyllt verður að líta til þeirra aðstæðna sem voru fyrir hendi þann 3. apríl 2020, þegar samningssambandi málsaðila lauk með afpöntun sóknaraðila á ferðinni. Verður í því sambandi að líta til þess hvort þær óvenjulegu og óviðráðanlegu aðstæður, sem kunnu að skapast vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins og afleiðinga útbreiðslunnar, yrðu fyrirsjáanlega fyrir hendi á áætluðum upphafsdegi ferðarinnar þann 25. maí 2020.

Í ferðinni fólust þrjár flugferðir til að komast á áfangastað og átti að ferðast sömu leið til baka. Ekki liggur annað fyrir en að öll flugin hafi verið á áætlun þann 3. apríl 2020. Einnig stóð til að fara í ferð innanlands á Balí og liggur ekki fyrir að sú ferð hafi verið fallin niður eða breytingar ákveðnar á henni þegar sóknaraðili afpantaði ferðina. Ýmsar ferðatakmarkanir voru í gildi um allan heim þann 3. apríl 2020 en ekki lá fyrir hvort takmarkanirnar yrðu afnumdar eða framlengdar á næstu vikum.

Þegar langt er í upphafsdag ferðar getur verið erfiðleikum háð að slá því föstu hverjar aðstæður muni raunverulega verða á áætluðum upphafsdegi ferðarinnar enda geta aðstæður breyst hratt eins og raunin var í byrjun apríl 2020. Ekki er unnt að fallast á með sóknaraðila að fyrir hafi legið með óyggjandi hætti, þann 3. apríl 2020, að þær óvenjulegu og óviðráðanlegu aðstæður sem höfðu skapast vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins, hefðu haft áhrif á framkvæmd pakkaferðarinnar eða flutning farþega til ákvörðunarstaðar einum mánuði og 22 dögum síðar.

Verður því að líta svo á að um afpöntun pakkaferðarinnar fari eftir ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 þegar sóknaraðili afpantaði ferðina þann 3. apríl 2020. Samkvæmt ákvæðinu getur ferðamaður afpantað pakkaferð áður en ferðin hefst gegn greiðslu sanngjarnrar þóknunar sem tilgreind er í samningi um pakkaferð. Fjárhæð þóknunarinnar þarf að taka mið af því hversu löngum tíma fyrir upphaf ferðarinnar afpantað er og áætluðum tekjumissi skipuleggjanda. Þóknunin þarf að vera sanngjörn og réttlætjanleg með hliðsjón af möguleika seljanda til að takmarka tjón sitt.

Í pakkaferðasamningi málsaðila er greint frá skilmálum varnaraðila þar sem fram kemur að til þess að staðfesta ferð þurfi að „greiða innborgun á ferð sem er ekki endurgreidd ef ferð er afbókuð. [...]“. Staðfestingargjaldið sem sóknaraðila og

samferðamönnum var gert að greiða samkvæmt pakkaferðasamningnum var alls að fjárhæð 455.000 krónur eða um 23% af heildargreiðslu fyrir ferðina.

Við meðferð málsins hefur varnaraðili bent á að ákvörðun þóknunar taki mið af þeim staðfestingargjöldum sem varnaraðili þarf að greiða vegna ferðarinnar. Þá hefur varnaraðili lagt fram gögn sem sýna fram á þau gjöld sem liggja að baki ákvörðun sanngjarnrar þóknunar.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ekki annað séð en að fyrirfram ákveðin þóknun varnaraðila hafi verið sanngjörn, tekið mið af því hve löngu fyrir upphaf ferðarinnar afpantað er og áætluðum tekjumissi varnaraðila, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018.

Samningur var gerður af hálfu sóknaraðila og samferðamanna sóknaraðila við varnaraðila um greiðslu staðfestingargjalds fyrir ferðina, að fjárhæð 65.000 krónur fyrir hvern farþega, sem greitt var þann 21. nóvember 2019. Samið var um að lokagreiðsla ætti að berast vegna ferðarinnar á Balí þann 6. apríl 2020 og vegna flugferða á áfangastað þann 25. apríl 2020. Meginreglan er sú að gerða samninga ber að halda. Ekki hefur verið sýnt fram á að sú undantekning sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 eigi við í málinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að umsamin þóknun varnaraðila samkvæmt meginreglu 1. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 hafi verið ósanngjörn. Kærunefndinni er því ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila.

## V

### Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, A, fyrir hönd sóknaraðila og samferðamanna sóknaraðila, B, C, D, E, F og G, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson